

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2001

frá 13. júlí 2001

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) EES EFTA-ríkin taka nú þátt í ýmsum áætlunum á sviði almannheilbrigðis sem falla úr gildi á árunum 2000 og 2001, en óvíst er hvenær áætlun Evrópubandalagsins í stað þessara áætlana öðlast gildi.
- 3) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 521/2001/EB frá 26. febrúar 2001 um að víkka út tiltekna áætlanir í aðgerðum bandalagsins á sviði almannheilbrigðis, sem voru samþykktar með ákvörðunum nr. 645/96/EB, 646/96/EB, 647/96/EB, 102/97/EB, 1400/97/EB og 1296/1999/EB og um breytingu á þeim ákvörðunum⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 22.2.2001, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 79, 17.3.2001, bls. 1.

- 4) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist að því er varðar ákvarðanir nr. 645/96/EB⁽³⁾, 646/96/EB⁽⁴⁾, 647/96/EB⁽⁵⁾ og 102/97/EB⁽⁶⁾ frá janúar 2001 og hvað varðar ákvarðanir nr. 1400/97/EB⁽⁷⁾ og 1296/1999/EB⁽⁸⁾ frá 2002 og í öllu falli þar til 31. desember 2002.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 1., 2., 3., 4., 5. og 8. undirlið 1. mgr. 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0521:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 521/2001/EB frá 26. febrúar 2001 um að víkka út tiltekna áætlanir í aðgerðum bandalagsins á sviði almannaeilbrigðis, sem voru samþykktar með ákvörðunum nr. 645/96/EB, 646/96/EB, 647/96/EB, 102/97/EB, 1400/97/EB og 1296/1999/EB og um breytingu á þeim ákvörðunum (2001-2005) (Stjtið. EB L 79, 17.13.2001, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2001.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 16.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 19, 22.1.1997, bls. 25.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 193, 22.7.1997, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann